

Litla-Hraun ehf  
Litla-Hrauni  
311 Borgarnes

Reykjavík 19. febrúar 2018  
UST201702-283/G.R.G.  
11.16

### Synjun um leyfi fyrir innflutning á þrilitna ostrum

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Litla-Hrauns ehf., dags. 23. febrúar 2017, um leyfi til innflutnings á þrilitna ostrum af tegundinni *Crassostrea gigas* í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sótt er um leyfi til að flytja inn alls eina milljón ostra á ári til þriggja ára, alls þrjár milljónir ostra, til áframræktunar í tilraunaskyni við svæðið Kaldárós við Faxaflóa.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. laga um náttúruvernd leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganeftndar um framandi lífverur þann 10. mars 2017 en nefndin skilaði umsögn sinni vegna umsóknarinnar þann 10. apríl 2017. Nefndin komst að neikvæðri niðurstöðu sem var kynnt fyrir umsækjanda þann 28. apríl 2017.

Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 var umsækjanda veittur frestur til 12. maí 2017 til að tjá sig um umsögnina og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun yrði tekin. Að beiðni umsækjanda var fresturinn framlengdur til 17. maí 2017 en þann dag barst Umhverfisstofnun bréf frá LOGOS lögmannsþjónustu þar sem sjónarmiðum umsækjanda var komið á framfæri auk þess sem umsögn sérfræðinganeftndarinnar var andmælt og þess óskað að Umhverfisstofnun veitti leyfi til innflutnings og tæki ráðleggingar nefndarinnar ekki til greina af nánar tilgreindum ástæðum. Í kjölfarið óskaði Umhverfisstofnun eftir því að sérfræðinganeftndin fær yfir þau viðbótargögn sem bárust vegna umsóknarinnar og mæti hvort þau hefðu áhrif á fyrri umsögn nefndarinnar.

Í svari sínu vegna viðbótargagna við umsóknina, dags. 30. júní 2017, komst sérfræðinganeftndin að þeirri niðurstöðu að innsend viðbótargögn hefðu ekki áhrif á fyrri niðurstöðu nefndarinnar og stóð nefndin fast við þá niðurstöðu að hafna bæri umsókninni vegna hættu á mögulegum neikvæðum áhrifum á vistkerfið á svæðinu þar sem ræktunin mun fara fram sem og utan þess.

Í kjölfar svars sérfræðinganeftndarinnar breytti umsækjandi umsókn sinni þannig að skýrt væri að hún takmarkaðist við geldar ostrur frá Spáni, en ekki frjóar ostrur eins og áður var ráðgert. Umhverfisstofnun fór fram á auknar upplýsingar í umsókninni þannig að tegundarheiti ostrunnar kæmi skýrt fram, skýrt væri í umsókninni að um þrilitna ostrur væri að ræða, sá fjöldi sem sótt væri um innflutningsleyfi fyrir og lýsing á lífsferli tegundarinnar kæmi fram, því yrði lýst hvað yrði um ostrurnar ef starfsemi yrði hætt og að áhættumat yrði unnið þar sem fram kæmi hætta fyrir umhverfið, hætta á að ostrurnar dreifi úr sér, hverjar likurnar á slysasleppingum væru, hvernig yrði brugðist við

slysasleppingum og hver hættan væri á að lífveran yrði ágeng. Umhverfisstofnun bárust umbeðnar upplýsingar ásamt áhættumati í tölvupóstum á tímabilinu 28. ágúst 2017 til 12. október 2017, að frátoldum upplýsingum um hvað verður um ostrurnar ef starfsemi verður hætt og lýsingu á lífsferli tegundarinnar. Þar að auki skorti upplýsingar um hverjar líkurnar á slysasleppingum eru og hvernig brugðist verði við slysasleppingum í áhættumatinu.

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn sérfræðinganeftdarinnar á ný þann 25. október 2017, í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga, en munurinn frá fyrri umsókn fólst fyrst og fremst í því að þrílitna ostrur eru taldir nær ófrjóar og því mun minni líkur á að þær geti fjölgæð sér. Sérfræðinganeftdin skilaði endurskoðun sinni á umsókninni 1. desember 2017 og komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að hætta á útbreiðslu tegundarinnar minnki mjög mikið við að nota þrílitna ostrur, miðað við að nota tvílitna ostrur, þá sé enn ákveðin hætta til staðar þar sem að þrílitna ostrur eru ekki 100% ófrjóar. Niðurstöður sérfræðinganeftdarinnar voru kynntar umsækjanda þann 18. desember 2017 og honum veittur frestur til 5. janúar 2018 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en umsóknin yrði afgreidd af hálfu Umhverfisstofnunar í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga. Fresturinn var framlengdur til 12. janúar 2018 að beiðni umsækjanda og þann 10. janúar 2018 barst Umhverfisstofnun bréf frá LOGOS lögmannsþjónustu þar sem sjónarmiðum umsækjanda um umsögn sérfræðinganeftdarinnar var komið á framfæri auk þess sem óskað var eftir því að umsögn sérfræðinganeftdarinnar yrði ekki lögð til grundvallar við ákvörðun Umhverfisstofnunar og að innflutningurinn yrði leyfður af nánar tilgreindum ástæðum.

Þann 19. janúar 2018 veitti Umhverfisstofnun leyfi til innflutnings á eitt þúsund þrílitna ostrum af tegundinni *Crassostrea gigas* á ári, árin 2018, 2019 og 2020, alls þrjú þúsund ostrum, til áframhaldandi tilraunaráktunar við svæðið Kaldárós við Faxaflóa með nánar tilgreindum skilyrðum. Skilyrðin fólu meðal annars í sér að umsækjandi skilaði til Umhverfisstofnunar þeim upplýsingum sem skorti þegar farið var fram á auknar upplýsingar í kjölfar annarrar umsagnar sérfræðinganeftdarinnar. Í leyfinu kom skýrlega fram að það væri mat Umhverfisstofnunar að með hliðsjón af þeim fjölda sem sótt var um innflutningsleyfi fyrir væri innflutningurinn ekki til þess fallinn að ógna eða hafa veruleg áhrif á liffræðilega fjölbreytni, sem var meginforsenda leyfisveitingarinnar.

Sama dag barst Umhverfisstofnun tölvupóstur þar sem umsækjandi gerði grein fyrir því að áætlunin hefði verið að sækja um leyfi til innflutnings á einni milljón ostra á ári til þriggja ára, en ekki eitt þúsund. Þann 22. janúar kom í ljós að mistök hefðu átt sér stað í umsóknarferlinu þegar rangt magn var tiltekið í tölvupóstssamskiptum lögmanns umsækjanda og Umhverfisstofnunar þann 12. október 2017 þegar óskað var eftir frekari gögnum í kjölfar annarrar umsagnar sérfræðinganeftdarinnar. Var það í fyrsta skipti sem fjallað var um nákvæman fjölda þeirra ostra sem sótt var um innflutningsleyfi fyrir í öllu ferlinu, en fram að því var fjöldans ýmist ekki getið eða talað um að til stæði að flytja inn smáskammta. Umhverfisstofnun telur rétt að vekja athygli á því að umsækjandi hafði áður fengið leyfi til tilraunaráktunar hjá Matvælastofnun, en í því leyfi er hvergi minnst á fjölda ostra. Það var mat Umhverfisstofnunar þegar leyfið var veitt þann 19. janúar síðastliðinn að ekki væri óeðlilegt að umfang ræktunarinnar yrði smátt til að byrja með, enda um tilraunaráktun að ræða.

Í kjölfarið var umsóknin tekin til endurskoðunar að beiðni umsækjanda, með þeirri leiðrétti að sótt væri um leyfi til innflutnings á einni milljón ostra af tegundinni *Crassostrea gigas* á ári til þriggja ára, alls þremur milljónum. Umhverfisstofnun leitað ekki eftir umsögn sérfræðinganeftdarinnar í ljósi þess að um endurskoðun umsóknarinnar

er að ræða auk þess sem nefndin hefur þrisvar tekið umsóknina til skoðunar og ávallt komist að sömu niðurstöðu án þess að fjalla sérstaklega um þann fjölda sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, enda lá fjöldinn ekki fyrir fyrr en nefndin tók umsóknina til umsagnar í þriðja skipi.

Fyrir liggur að sérfræðinganefndin telur að hafna beri umsókninni en þjár umsagnir nefndarinnar eru efnislega samhljóða um það að leita eigi allra leiða til að koma í veg fyrir að tegundin *Crassostrea gigas* nái fótfestu á Íslandi. Nefndin telur möguleg neikvæð áhrif á íslenskt vistkerfi fyrst og fremst vera af tvennum toga. Annars vegar þau að um ágenga tegund er að ræða og því ekki útilokað að hún geti þrifist við stendur Íslands og hins vegar þau að ákveðin smithætta sé til staðar, en hvort tveggja getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þá bendir nefndin sérstaklega á það í umsögn sinni dags. 1. desember 2017, að þrátt fyrir að nú sé fyrirhugað að flytja inn þrílitna ostrur í stað tvílitna, þá verði að hafa í huga að þrílitna ostrur eru ekki fullkomlega ófrijóar og því sé ekki hægt að útiloka að fyrirhuguð ræktun þeirra geti haft neikvæð áhrif á íslenskt vistkerfi í framtíðinni.

Hvað varðar ágengni tegundarinnar, líkur á því að hún geti þrifist við stendur landsins og breitt úr sér þá segir í umsögn sérfræðinganeftnarinnar frá 1. desember 2017 að tegundin sé samkvæmt gagnagrunni NOBANIS (European Network on Invasive Species) talin ágeng og framandi í Norður-Evrópu og að hætta sé á að þar sem hún nái bólfestu geti hún tekið yfir búsvæði annars skelfisks, t.d. kræklings. Nefndin vísar jafnfram til þess að vitað sé um óæskilega dreifingu tegundarinnar víða við stendur Norður-Evrópu og Norðurlanda, meðal annars Danmerkur og Noregs. Þá telur nefndin ekki útilokað að tegundin geti þrifist í sjónum við Ísland við ákveðnar aðstæður og því sé full ástæða til að líta á þessi dæmi til varnaðar. Þessu til stuðnings er vísað í erlendar fræðigreinar. Umsækjandi hefur aftur á móti bent á að í NOBANIS gagnagrunninum megi sjá að tegundin hafi aðeins fundist í Suður-Svíþjóð, S-Noregi og við stendur Danmerkur þar sem sjávarhiti er hærri en hérlendis. Umsækjandi hefur jafnfram bent á, að þvert á ályktanir nefndarinnar, segi í NOBANIS gagnagrunninum að tegundin finnist ekki norðar í Noregi eða við nyrðri breiddagráðu en  $60^{\circ}\text{N}$  þar sem sjór á þeim svæðum sé of kaldur, en tegundin þarfist  $18-22^{\circ}\text{C}$  sjávarhita í tvær vikur til að fylga sér og þroskast. Þá hefur umsækjandi bent á að í framangreindum gagnagrunni sé tegundin ekki flokuð sérstaklega sem ágeng fyrir Norður-Evrópu og Norðurlönd heldur í tempruðu loftslagi þar sem otran hefur helst náð að dreifa sér við stendur Belgíu, Hollands og Þýskalands. Umsækjandi hefur jafnframt vísað til þess að lirfur ostrunnar séu mjög viðkvæmar fyrir kulda og þoli ekki lægra hitastig en  $5^{\circ}\text{C}$ . Umhverfisstofnun hefur kynnt sér upplýsingar um tegundina í NOBANIS gagnagrunninum en af upplýsingunum virðist skýrt að tegundin hafi *enn sem komið er* ekki náð fótfestu norðan við  $60^{\circ}\text{N}$  og er líklega ástæða fyrir því talin vera hitastig sjávar, sem veldur því að tegundin geti ekki fylgað sér. Umhverfisstofnun hefur jafnframt kynnt sér skýrslu norsku Umhverfisstofnunarinnar um aðgerðaráætlun vegna ostra af sömu tegund og hér er sótt um innflutningsleyfi fyrir (Handlingsplan stillehavssysters, Miljödirektoratet, M-588, 2016), en þar kemur meðal annars fram að tegundin er í áhættuflokknum „svært hoy riskiko“ og er því tegund sem er talin geta haft alvarleg áhrif á vistkerfi og er talin líkleg til að breiðast út á stórum svæðum. Í aðgerðaráætluninni segir jafnframt að ostrurnar hafi árið 2015 fundist í Møre, Romsdal og allt norður til Innri og Ytri Røssøysund. Þar kemur einnig fram að talin sé hætta á því að tegundin breiði úr sér allt norður til Lofoten, þar sem hitastig sjávar þar er orðið það hátt að tegundin getur lifað af. Þar að auki segir í aðgerðaráætluninni að á mælistöðvum í Utsire og í Nordland mælist sjávarhiti sjaldan yfir  $18^{\circ}\text{C}$  á 1 metra dýpi, en tegundin finnst þrátt fyrir það á grunnsævi þar, þar sem að hún leitar í skjólsæl

grunnsvæði þar sem sjávarhiti getur orðið mun hærri en á opnum svæðum. Umhverfisstofnun hefur einnig kynnt sér mælingar á hitastigi sjávar við stendur Íslands á vef Hafrannsóknarstofnunar en af mælingunum má ráða að hitastig sjávar nær aldrei 18-22° sjávarhita á þeim stöðum sem mælingar hafa farið fram og er drjúgan hluta úr ári lægra en 5°. Engar upplýsingar liggja þó fyrir um hitastig sjávar, aðrar aðstæður eða vistkerfið á fyrirhuguðu ræktunarsvæði Litla-Hrauns ehf. við Kaldárós, eða sambærilegum svæðum á landinu, en t.a.m. geta sjávardýpt og vatnsskipti haft nokkur áhrif á hitastig. Í þessu samhengi er rétt að vísa til þess að vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku er ein af meginreglum laga um náttúruvernd sbr. 8. gr. laganna. Þessu til viðbótar leit Umhverfisstofnun til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 20. október 2015 þar sem fjallað var um sambærilega umsókn, en þar segir meðal annars að þrílitna ostrur séu ekki stöðugt ástand þar sem að frumubreytingar geta orðið til þess að þær verði aftur tvílitna. Í umsögninni segir jafnframt að vissulega sé hitastig hér við land líklega tölvert frá kjörhitastigi tegundarinnar og að innflutningur og ræktun á þrílitna ostrum ætti að tryggja að tiltölulega litlar líkur séu á að osturnar geti fjölgæð sér. Í umsögninni var það aftur á móti mat Náttúrufræðistofnunar að skoða þyrfti mál af þessu tagi út frá því hvað sé líklegt að gerist á næstu 50-100 árum í ljósi þess að það er alls óvist hvort að tegundin geti lifað hér eða ekki, en geti þær það er jafnframt óvist hvort að þrílitna ostrur komi í veg fyrir að tegundin geti fjölgæð sér. Náttúrufræðistofnun Íslands, sem lagðist gegn því að innflutningur tegundarinnar yrði leyfður, benti jafnframt á að ekki hefði verið sýnt fram á að tegundin geti ekki lifað við Íslandsstrendur og að ekki hefði verið lagt nægjanlega gott mat á hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér ef tegundin þrifst hér. Kæmi til þess að tegundin nái að fjölgæð sér hér á landi er vert að geta þess að samkvæmt framangreindri aðgerðaráætlun Norðmanna getur hver ostra framleitt á milli 50 og 200 milljónir eggja, lifað af allt frá -22°C upp í 40°C og vaxið við 4-35°C.

Hvað varðar frjósemi tegundarinnar þá kemur fram í umsögn sérfræðinganeftarinnar frá 1. desember 2017 að niðurstöður rannsókna sýni að þrílitna ostrur geti myndað kynfrumur í þó nokkru mæli eða allt að 42%. Áframhaldandi þroskun er hins vegar ekki eins árangursrík og því sé möguleiki á æxlun mjög lítill, eða 0,06%. Þar með verður framleiðni tegundarinnar mjög lág og líkur á útbreiðslu mjög litlar. Þessu til stuðnings vísar sérfræðinganeftindin í erlenda fræðigrein og NOBANIS gagnagrunninn. Í ljósi þess að þrílitna ostrur eru ekki fullkomlega ófrjóar er það mat nefndarinnar að ekki sé hægt að útiloka að ræktunin hafi neikvæð áhrif á íslenskt vistkerfi í framtíðinni. Umsækjandi hefur aftur á móti bent á að í NOBANIS gagnagrunninum sé sérstaklega lagt til að þrílitna ostrur séu notaðar við ostrurækt til að fyrirbyggja fjölgun. Umhverfisstofnun hefur kynnt sér upplýsingar um frjósemi tegundarinnar og telur rétt að vekja athygli á því að í áðurnefndri umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 20. október 2014, kemur fram þar sem að þrílitna ostrur séu ekki stöðugt ástand hafi rannsóknir (leyfi til ræktunar í rannsóknarskyni) á tegundinni verið bannaðar þar sem áður var búið að leyfa þær og nota átti vottaðar þrílitna ostrur. Þessu til stuðnings er vísad í erlenda fræðigrein þar sem fjallað er um tilvik í York River í Bandarískjunum en þar kom í ljós að í 20% af ostrum var að finna frumur sem voru bæði tví- og þrílitna. Í innflutningsleyfinu sem Umhverfisstofnun veitti Litla-Hrauni ehf. þann 19. janúar síðastliðinn var sérstaklega litið til þess fjölda sem sótt var um innflutningsleyfi fyrir. Nú hefur aftur á móti komið í ljós að um villu í umsókn umsækjanda var að ræða en líkt og áður hefur komið fram er sótt um leyfi til innflutnings á alls 3.000.000 ostra yfir þriggja ára tímabil. Eðli málsins samkvæmt hefur framangreind margföldun á þeim fjölda ostra sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir mikil áhrif á fyrri ákvörðun Umhverfisstofnunar, enda margfaldast líkurnar á því að tegundin geti æxlast. Í þessu samhengi óskaði Umhverfisstofnun eftir ítarlegri upplýsingum um þann fjölda ostra sem raunverulega hafa verið fluttar til landsins á grundvelli innflutningsleyfis

Matvælastofnunar fyrir gildistöku laga um náttúruvernd. Matvælastofnun hefur veitt leyfi til innflutnings á alls 3.300.000 ostrum en rúmlega þriðjungur þeirra fórst í óveðri árið 2015 og er því að mati Matvælastofnunar öruggt að áætla að um 2.000.000 ostra séu í ræktun við strendur landsins, eða þriðjungi færri ostrur heldur en hér er sótt um innflutningsleyfi fyrir til tilraunaræktunar.

Hvað varðar smithættu tegundarinnar þá beinast áhyggjur sérfræðinganefndarinnar sérstaklega að herpesveirunni OsHV1 en nefndin telur ákveðna hættu á veirusmiti sem getur borist í annan skelfisk vera til staðar. Þessu til stuðnings vísar nefndin í erlenda fræðigrein og bendir jafnframt að mikid sé um skelfisk á svæðinu sem um ræðir og að veiðar á honum séu mikilvægar fyrir samfélagið. Umsækjandi hefur aftur á móti bent að ostrutegundin sem hann hyggst flytja inn verði heilsuvottuð með staðfestingu þess efnis að enga slíka veiru verði að finna. Jafnframt hefur umsækjandi bent á að 16° sjávarhiti þurfi að vera til staðar til að þau herpes-smit sem áhyggjur nefndarinnar beinast að geti átt sér stað og að sjaldgæft sé að slíkur sjávarhiti finnist hérlandis. Þessu til stuðnings vísar umsækjandi til álits Dr. Þorleifs Eiríkssonar, dýra- og vistfræðingar og Guðmundar Víðis Helgasonar, dýra- og vistfræðings dags. 19. desember 2017, sem unnið var fyrir umsækjanda vegna umsóknarinnar. Umhverfisstofnun hefur kynnt upplýsingar varðandi mögulegar smithættur af tegundinni, meðal annars umsögn Fisksjúkdómanefndar dags. 30. nóvember 2015 þar sem fjallað var um sambærilega umsókn. Í umsögninni var það samdóma álit fisksjúkdómanefndar að leggjast ekki gegn því að innflutningsleyfi yrði veitt að tilteknum skilyrðum uppfylltum, en Umhverfisstofnun er heimilt að binda leyfi skilyrðum sbr. 3. mgr. 63. gr. laga um náttúruvernd. Í þessu tilliti telur Umhverfisstofnun jafnframt mikilvægt að líta til þess að engar mælingar hafa farið fram á hitastigi sjávar á ræktunarstað og því ekki hægt að útiloka að sjávarhiti nái 16° þannig að smithætta verði til staðar.

Með vísan til framangreindar umfjöllunar um ágengni tegundarinnar, lífslíkna og mögulegrar útbreiðslu við strendur landsins er það mat Umhverfisstofnunar að ekki hafi verið lagt nægjanlega gott mat á það hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér ef tegundin þrífst hér við strendur Íslands. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hitastig sjávar á ræktunarstað og því ekki hægt að útiloka að tegundin geti fjölgæð sér og orðið ágeng á svæðinu. Jafnframt hefur það veruleg áhrif að sótt er um leyfi til innflutnings á miklum fjölda án þess að fyrir liggi upplýsingar um vistkerfið á ræktunarstað og því ekki hægt að útiloka að ræktunin ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Fyrra leyfi stofnunarinnar var, líkt og áður hefur komið fram, veitt á þeirri forsendu að sótt var um leyfi til innflutnings á litlum fjölda ostra til tilraunaræktunar, en að mati Umhverfisstofnunar yrði umfang innflutningsins sem hér er til umfjöllunar síðt að ekki væri um tilraun að ræða heldur atvinnustarfsemi. Í þessu samhengi vísar Umhverfisstofnun til þess að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga um náttúruvernd, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum, sbr. 9. gr. laganna.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um frjósemi tegundarinnar er það mat Umhverfisstofnunar, þrátt fyrir að litlar líkur séu á að þrílitna ostrur geti fjölgæð sér, að fyrirhugaður ræktunarstaður við Kaldárós hafi ekki verið rannsakaður nægilega vel til að ganga úr skugga um að aðstæður séu ekki til þess fallnar að tegundin geti fjölgæð sér. Í því leyfi sem stofnunin veitti Litla-Hrauni þann 19. janúar síðastliðinn var sérstaklega vikið að því hvað þennan þátt varðar að stofnunin taldi ólíklegt að sá fjöldi sem sótt var um innflutningsleyfi fyrir, þ.e. þrjú þúsund ostrur, næði slíkri útbreiðslu að tegundin ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Það er aftur á móti mat

Umhverfisstofnunar, með vísan til 9. gr. og 3. mgr. 63. gr. laga um náttúruvernd, að sá fjöldi sem hér er sótt um geti verið til þess fallinn að ógna eða hafa veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Þá er það mat stofnunarinnar, með vísan til framangreindrar umfjöllunar um smithættu vegna tegundarinnar, að þau skilyrði sem sett voru í leyfinu sem veitt var þann 19. janúar síðastliðinn yrðu til þess fallin að koma í veg fyrir smithættu. Aftur á móti má leiða líkur að því að með þann fjölda sem hér um ræðir verði erfíðara að koma algjörlega í veg fyrir smithættu.

Í ljósi allra framangreindra atriða er það mat Umhverfisstofnunar hvað varðar umsóknina heildstætt, að ekki séu til nægjanlega góð gögn um vistkerfi ræktunarsvæðisins og er því erfitt að meta nákvæmlega hvaða áhrif fyrirhuguð ostrurækta getur haft á svæðið. Nái tegundin að breiða úr sér við stendur landsins getur það haft í för með sér neikvæð áhrif á þau vistkerfi þar sem að hún nær útbreiðslu. Tegundin yrði þá ríkjandi og gæti umbreytt vistkerfum, að því er fram kemur í framangreindri aðgerðaráætlun Norðmanna. Þar kemur einnig fram að neikvæð áhrif af útbreiðslu tegundarinnar á t.a.m. fugla og annað lífríki sjávar, s.s, krækling hafi verið rannsókuð víða. Dæmin sýni að í Danmörku, Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Hollandi og í Svíþjóð hafi tegundin dafnað svo vel að hún hefur yfirtekið kræklingasvæði, sem hefur keðjuverkandi áhrif á fæðu fugla. Þá má leiða að því líkur að aukinn fjöldi dýra geti haft verulega neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni á svæðinu óháð því hvort ostrurnar sleppi þar sem að aukinn fjöldi lífvera á svæðinu kallar á aukna samkeppni um fæðu með þeim afleiðingum að villtar tegundir sem fyrir eru á svæðinu og lifa á sömu fæðu geti borið skertan hlut frá borið. Þessi aukna samkeppni getur jafnframta haft í för með sé keðjuverkandi áhrif upp fæðukeðjuna þar sem þær lífverur sem eru í samkeppni við ostrurnar eru mikilvæg fæða fyrir aðrar tegundir á svæðinu sem eru ofar í fæðukeðjunni, t.a.m. tjald og æðarfugl. Loks er vert að geta þess að svæðið við Kaldárósa er hluti af stærra svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á Íslandi. Jafnframta er svæðið á lista Birdlife International sem mikilvægt fuglasvæði (IBA) í Evrópu og á heimsvísu. Meðal þeirra tegunda sem nýta svæðið og ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru m.a. álfir, blesgæs, margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sanderla, sendlingur og jaðrakan.

Í sjónarmiðum sínum hefur umsækjandi vísað til þess að synjun á innflutningsleyfi væri til þess fallin að brjóta í bága við jafnfræðisreglu stjórnsýslulaga og sér Umhverfisstofnun þar af leiðandi ástæðu til að vekja athygli á því að stofnunin hefur aldrei áður veitt leyfi til innflutnings á tegundinni sem hér um ræðir, né öðrum ostrutegundum. Þau innflutningsleyfi sem umsækjandi hefur vísað til voru afgreidd fyrir gildistöku laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. 94. gr. laganna og afgreidd á grundvelli laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Fyrir gildistöku laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem tóku gildi þann 15. nóvember 2015, var Umhverfisstofnun umsagnaraðili en ekki leyfisveitandi sem bar að líta sérstaklega til áhrifa innflutnings framandi lífvera á líffræðilega fjölbreytni. Þessu til viðbótar hafa nýjar upplýsingar um áhrif tegundarinnar á líffræðilega fjölbreytni komið í ljós frá því að Matvaelastofnun veitti fyrst leyfi til innflutnings á tegundinni, sbr. t.d. framangreind aðgerðaráætlun Norðmanna frá 2016.

Umhverfisstofnun sér jafnframta ástæðu til að vísa til þess að við töku ákvarðana sem hafa áhrif á náttúruna skulu stjórnvöld taka mið af þeim meginreglum og sjónarmiðum sem fram koma í 8.-11. gr. laga um náttúruvernd. Af meginreglunum ber helst að nefna að samkvæmt varúðarreglunni skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum þegar ákvörðun er tekin á grundvelli laganna, án þess að fyrri liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, sbr. 9. gr. Þá er óheimilt að veita

leyfi til innflutnings ef ástaða er til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 63. gr. laganna en líffræðileg fjölbreytni er skilgreind sem breytileiki meðal lifandi vera á öllum skipulagsstigum lífs, þar á meðal á vistkerfum á landi, í sjó og í ferskvatni. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og á milli vistkerfa, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðunin er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 91. gr. laga um náttúruvernd. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kæruna fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæruffrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Umhverfisstofnun synjar hér með umsókn Litla-Hrauns ehf. um leyfi til innflutnings á einni milljón ostra af tegundinni *Crassostrea gigas* á ári til þriggja ára.



Kristín Linda Árnadóttir  
förfjóri

Virðingarfyllst



Gísli Rúnar Gíslason  
lögfræðingur